



Handbók Síamótsins
Fyrir foreldra, þjálfara og liðstjóra

#simamotid fyrir myndir

Facebooksíða mótsins:
<https://www.facebook.com/simamotid/>

Dagskrá Síamamóts 2023

FIMMTUDAGUR

- 16:00 – 21:00 Afhending mótsgjafa í Smáranum fyrir öll lið** ATH það þarf líka að sækja fyrir Litla Síamamót.
- 17:30 – 19:15 Kvöldmatur í Smáranum fyrir lið sem gista* (allir flokkar)
- 19:30 Skrúðganga leggur af stað frá Smárahvammsvelli að Kópavogsvelli. Mæting 15 mín fyrr og liðin raða sér upp. Við hvetjum liðin til að koma með félagsfána í skrúðgönguna.
- 20:00 Heiðursgestur mótsins flytur ávarp. Fulltrúi Símans setur mótið og Sigga Ózk heldur uppi stuðinu.
- ** Einungis hægt að sækja fyrir heilt félag í hverjum flokk en ekki einstök lið innan félaganna.

FÖSTUDAGUR

- 07:00 – 10:00 Morgunmatur fyrir lið sem gista*.
Í Smáranum fyrir 6. og 7. flokk en í Fagralundi fyrir 5. flokk.
- 08:00 – 17:00 Leikið í riðlum (6. og 7. flokkur á Kópavogsvelli/ Blikavöllum/ Fífuvöllum/ Smárahvammi og 5.flokkur í Fagralundi). Myndir af mótsvæðum aftast í skjali.
- 19:15 – 22:00 Kvöldmatur fyrir lið sem gista*. ATH kvöldmatur er seinna en venjulega vegna landsleiks.
Í Smáranum fyrir 6. og 7. flokk en í Fagralundi fyrir 5. flokk.
- 18:00 Landsleikur á Laugardalsvelli: Ísland - Finnland

LAUGARDAGUR

- 07:00 – 10:00 Morgunmatur fyrir lið sem gista*.
Í Smáranum fyrir 6. og 7. flokk en í Fagralundi fyrir 5. flokk.
- 08:00 – 17:00 Leikið í riðlum (6. og 7.flokkur á Kópavogsvelli/ Blikavöllum/ Fífuvöllum/ Smárahvammi og 5.flokkur í Fagralundi). Myndir af mótsvæðum aftast í skjali.
- 09:00 – 15:00 **Litla Síamamótið** í Fífunni fyrir 8.flokk (hvert lið er með viðveru í ca. 1,5 klst)
Þátttakendur á Litla Síamamótinu eru velkomnar á alla afþreyingu á svæðinu á meðan á móti stendur.
Afhending mótsgjafa er í tengibyggingu á meðan á móti stendur. Liðstjórar sækja fyrir hvert lið.

Afþreying á meðan móti stendur.

- **Símabíllinn** mætir með ýmislegt glens og gaman fyrir þátttakendur og gesti.
- **Fótboltaland verður í Fagralundi á föstudag og í Smáranum laugardag/sunnudag**
- **Tennishöllin** bak við Sporthúsið, býður öllum keppendum að koma og prófa tennis á laugardeginum milli 10 og 18. Flott afþreying á milli leikja.

6., 7. og 8. flokkur: Pylsur og skemmtun fyrir utan Smárann/Fífuna

- 17:00 – 18:30 Grillaðar pylsur, Emmess íspinnar og skemmtun fyrir keppendur og aðra mótsgesti við Smárann/Fífuna.
- Diljá, hoppukastalar, háttvísiverðlaun og verðlaun í spurningakeppninni afhent, ofl.

5.flokkur: Pylsur í Fagralundi og bíómynd í Smárabíó

- 16:30 – 18:00 Grillaðar pylsur og Emmess íspinnar fyrir 5. flokks keppendur og aðra mótsgesti fyrir utan Fagralund.
- 19:00[#] – 20:45[#] **Ruby Gillman, teenage kraken** Smárabíói. Rútuferðir frá Fagralundi í Smárabíó frá **kl. 18:00** fyrir þær sem þurfa og líka til baka eftir bíó fyrir þær sem gista. Myndin verður sýnd í 4 bíósölum og byrjar myndin á mismunandi tímum eftir sölonum til hagræðingar fyrir Smárabíó og rútuferðir[#].

SUNNUDAGUR

- 07:00 – 10:00 Morgunmatur fyrir lið sem gista*.
Í Smáranum fyrir 6. og 7. flokk en í Fagralundi fyrir 5. flokk.
- 08:00 – 15:00 Kross-spil og úrslitaleikir/jafningjaleikir (6. og 7.flokkur á Kópavogsvelli/ Blikavöllum/ Fífuvöllum/ Smárahvammi og 5. flokkur í Fagralundi).
6. og 7. flokkur klárast um kl 15.
- 15:15 – 16:00 Úrslitaleikur 5.flokks í efsta styrkleika fer fram á Kópavogsvelli og mótslok.

* Innifalið er matur fyrir einn liðstjóra **# Salur 1: 19:00-20:45, Salur 2: 19:10-20:55, Salur 4 og 5: 19:20-21:05**

Reglur á Síamamóti

Farið er eftir sérreglum Síamamótsins og reglugerðum KSÍ um 5 og 7 manna bolta í öllum flokkum.

Helstu reglur:

- Í leikjum er aldrei skráður meiri markamunur en 3 mörk (á Litla Síamamótinu eru ekki skráð úrslit).
- Í riðlakeppni er stigakeppni - 3 stig eru gefin fyrir sigur og 1 fyrir jafntefli.
- Upphafsspyrna skal tekin á miðju og er heimilt að spyrna í hvaða átt sem er.
- Skipti á leikmönnum skulu fara fram ca. á miðjum vallarhelmingi og mega fara fram hvenær sem er í leiknum.
- Ef boltinn fer út fyrir hliðarlínu skal taka innspark eða knattrak.
 - Innspark: Bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með sendingu. Óheimilt er að lyfta bolta hærra en í hnéhæð með innsparki. Óheimilt er að skora beint úr innsparki.
 - Knattrak: Bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með því að rekja boltann af stað frá hliðarlínu.
- Óheimilt er að skora mark úr upphafsspyrnu og þegar miðja er tekin eftir að mark er skorað.
- Tekin er miðja eftir að mark er skorað.
- Þegar aukaspyrna er tekin þarf andstæðingurinn að vera í minnst 6 metra fjarlægð.
- **Sérregla fyrir 7. og 8. flokk: Eftir að boltinn hefur farið aftur fyrir endamörk eða þegar markmaður grípur bolta skulu mótherjar bakka aftur fyrir miðju þar til markvörður hefur komið boltanum í leik.**
- Dómarar geta vikið leikmanni af leikvelli fyrir grófan leik eða óþróttamannslega framkomu. Ef leikmanni er vikið af leikvelli getur viðkomandi ekki tekið frekari þátt í leiknum en heimilt er að skipta öðrum leikmanni inn á í stað þess sem vikið hefur verið af leikvelli.

Markmaður

- 5. flokkur:
 - Reglur KSÍ fyrir 7 manna bolta gilda.
- 6., 7. og 8. flokkur:
 - Markmanni er heimilt að grípa boltann eftir innspark frá samherja.
 - Markmanni er heimilt að handleika boltann eftir sendingu frá samherja.
 - Eftir að boltinn hefur farið aftur fyrir endamörk er markmanni bæði heimilt að kasta og sparka boltanum út. Kjósi markmaður að sparka boltanum út skal hann gera það af jörðinni, hvar sem er í vígateignum. Einnig má koma bolta í leik með því að rekja hann af stað.

Hornspyrna

Hornspyrna tekin þar sem marklína og hliðarlína skerast í öllum flokkum. Í 6. og 7.fl má nota knattrak í hornspyrnu.

Jöfn lið að stigum í riðlum (á ekki við Litla Síamamótið)

Ef lið eru jöfn að stigum í riðlakeppni á föstudegi og laugardegi skal eftirfarandi ráða úrslitum í þessari röð;

- Markamismunur.
- Innbyrðis viðureignum.
- Hlutkesti.

Krossspil, bikarleikir og lokaleikir (jafningjaleikir) – (á ekki við Litla Síamamótið)

- Í **krossspili** skal framlengja leikinn um 2x3 mínútur og síðan skal varpa hlutkesti.
- Í lokaleikjum merktir **Bikarleikir** skal framlengt um 2x3 mínútur. Sé enn jafnt að þeim tíma liðnum deila liðin með sér efsta sætinu og bæði lið fá bikar.
- Í öðrum **lokaleikjum** (jafningjaleikjum) er ekki framlengt. Ekki er varpað hlutkesti til að fá úrslit í lokaleikjum á sunnudegi. Jafntefli stendur og lið deila með sér efra sæti.

Hlutkesti (á ekki við Litla Síamamótið)

- Mótsstjórn varpar hlutkesti þegar það á við. Ekki er gert ráð fyrir að þjálfarar/staðgenglar félaga séu viðstaddir hlutkesti nema sérstaklega sé óskað eftir því við mótsstjórn. Hlutkesti er kastað eins fljótt og mögulegt er á sunnudeginum enda styttra á milli leikja þann daginn.

Flokkur	Leiktími	Fjöldi leikmanna	Stærð bolta
8.flokkur	1 x 8 mín	5	3
7.flokkur	2 x 10 mín	5	3
6.flokkur	2 x 12 mín	5	3
5.flokkur	2 x 12 mín	7	4

Almennar upplýsingar á meðan á móti stendur

Munum að hér eru börn að leik og enginn að spila úrslitaleik á HM. Foreldrar/aðstandendur eiga að hvetja alla, vera jákvæðir og tala vel um dómarann, andstæðinginn, þjálfara og samherja. Ungir dómarar eru að stíga sín fyrstu skref og þurfa að geta gert það án athugasemda frá hliðarlínunni. Leikmenn, þjálfarar og aðstandendur þurfa að virða ákvarðanir dómara.

HUGSUM UM HAGSMUNI HEILDARINNAR OG ÁNÆGU BARNANNA ENDA ER MÓTIÐ FYRIR ÞAU.

LEIKJAFYRIRKOMULAG OG LEIÐRÉTTING ÚRSLITA

Leikjafyrirkomulag mun miða að því að liðin spili sem flesta leiki á sama svæði/völlum innan hvers dags. Liðin keppa í ákveðnum hollum þannig að þau spila annað hvort flesta leiki fyrir hádegi eða eftir hádegi.

Afmarkað verður svæði í kringum velli sem við biðjum foreldra að virða til að forðast troðning við hliðarlínur.

ATH! Ekki er hægt að leiðrétta úrslit leikja eftir kl. 18:30 föstudag og laugardag. Mótstjórn þarf tímann eftir 18:30 til að stilla upp mótinu fyrir næsta dag. Fylgist því vel með úrslitum leikja um leið og þau koma inn í kerfið.

KEPPNISVELLIR

6. og 7. flokkur á Kópavogsvelli, Blikavöllum, Fífuvöllum og Smárahvammsvelli.

- Kópavogsvelli mælumst við til þess að aðstandendur séu uppi í stúku að horfa á leikina.
- Á Smárahvammsvelli mega aðstandendur vera á svæðinu kringum hvern völl.
- Á Blikavöllum og Fífuvöllum mega aðstandendur vera á svæðinu í kringum hvern völl.
- Bara þjálfarar og varamenn mega vera á milli valla.
- Aðstandendur mega ekki að vera sömu megin vallar og þjálfarar.

5. flokkur í Fagralundi

- Aðstandendur mega vera á svæðinu í kringum hvern völl.
- Bara þjálfarar og varamenn mega vera á milli valla.
- Aðstandendur mega ekki að vera sömu megin og þjálfarar.

Úrslitaleikir Síamótsins um efsta styrkleika í hverjum flokki fara fram á Kópavogsvelli.

8. flokkur í Fífu á laugardegi – Litla Síamamótið

- Aðstandendur mega vera á svæðinu í kringum hvern völl.
- Bara þjálfarar og varamenn mega vera á milli valla.
- Aðstandendur mega ekki að vera sömu megin vallar og þjálfarar.

SKRÚÐGANGA OG MÓTSSETNING

Skrúðgangann fer frá Smárahvammsvelli kl. 19:30 og inn á Kópavogsvöll þar sem mótið verður sett.

Liðstjórar og þjálfarar fylgja stelpunum í skruðgöngunni. Foreldrar eru líka velkomnir í skruðgönguna en við hvetjum þá til að mæta beint í stúkuna.

SPURNINGALEIKUR SÍAMÓTSINS

Á keppnissvæðunum hanga uppi blöð með QR kóðum sem hægt er að skanna og svara spurningarkeppninni.

Minum liðin á að skila svörum rafrænt **fyrir kl. 14 á laugardag**. Veglegir vinningar verða dregnir út.

LITLA SÍAMÓTIÐ

- 8. flokks mót verður haldið í Fífunni á laugardeginum. Spilað verður 1x8 mín og hvert lið spilar u.þ.b. 5 leiki og er með viðveru í u.þ.b. 90 mínútur.
- Engin úrslit eru skráð á mótinu og eru leikjum stjórnað af þjálfurum beggja liða en ekki dómurum. Þátttakendur fá mótsgjöf en ekki er keppt um bikara.

MATSEÐILL FYRIR LIÐ Í GISTINGU

Morgunmatur:

Föstudagur, laugardagur og sunnudagur: *Morgunkorn, súrmjólk, hafragrautur, ávextir, brauð og álegg, tómatar gúrkur og fl.*

- í Smáranum fyrir 6. og 7. flokk
- í Fagralundi fyrir 5.flokk

Kvöldmatur:

Fimmtudagur: *Kjötbollur, hrísgrjón og salat.*

- í Smáranum fyrir öll lið sem skráð eru í gistingu

Föstudagur: *Lasagne, brauð og salat.*

- í Smáranum fyrir 6. og 7. flokk
- í Fagralundi fyrir 5.flokk

Laugardagur: *Pylsuveisla og Emmess íspinnar fyrir utan Smára/Fífu fyrir 6., 7. og 8.flokk og fyrir utan Fagralund fyrir 5.flokk.*

Allar upplýsingar um ofnæmi þarf að senda á kokkinn – haukurvald@simnet.is

GISTING

6. og 7.flokkur gistir í Smáraskóla.

5.flokkur gistir í Snælandsskóla við Fagralund.

Skólarnir opna kl. 14 á fimmtudag. Búið er að raða félögum í stofur í skólanum.

Ró á að vera komin í skóla kl. 22:00.

Kæligámar eru fyrir utan skólana fyrir félögin að geyma mat.

BANNAÐ VERA MEÐ BOLTA INNI Í SKÓLANUM.

Allir skór eiga að vera í skóhillum, mikilvægt að ganga vel um skólana og hlutina sem þar eru geymdir.

Meðferð áfengis og tobaks (líka wape) er stranglega bönnuð.

Foreldrar eru beðnir um að skila stofunum snyrtilegum **fyrir kl. 12 á sunnudegi (sópa og taka rusl).**

Mikilvægt að virða þetta þar sem komið verður að þrifa og ganga frá í skólunum kl. 12.

Umsjónarmaður skóla er Arna Sif og má sjá vaktasímanúmer í skólum ofar í skjalinu. Næturvarsla er í báðum skólum.

VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ BÁÐIR SKÓLAR ERU HNETULAUSIR.

PYLSUVEISLA, EMMESS FROSTPINNAR OG SKEMMTUN/ BÍÓ Á LAUGARDEGI

6., 7. og 8. flokkur

- 17:00 – 18:30 Pylsuveisla, Emmess frostpinnar og skemmtun fyrir utan Fífuna fyrir keppendur og aðra mótsgesti.
 - Diljá, Sirkus Ísland, hoppukastalar, háttvísiverðlaun og verðlaun í spurningakeppninni afhent, ofl.

5. flokkur

- 17:00 – 18:30 Pylsuveisla, Emmess frostpinnar í Fagralundi fyrir keppendur og aðra mótsgesti.
- **Ruby Gillman, teenage kraken** í Smárabíó kl **19:00**. Myndin verður sýnd í 4 bíósölum og byrjar myndin á mismunandi tímum eftir sölunum til hagræðingar fyrir Smárabíó og rútuferðir. Salur 1: 19:00-20:45, Salur 2: 19:10-20:55, Salur 4 og 5: 19:20-21:05
- Rútuferðir verða úr Fagralundi kl **18:00** og til baka í Snælandsskóla að sýningu lokinni fyrir þau lið sem gista.
- Einn liðstjóri má fylgja hverju liði ef þurfa þykir. Síamamótsarmbandið gildir sem bíómiði.

SJÚKRAVAKT

Breiðablik er með sjúkravakt í stúkunni á Kópavogsvelli og í Fagralundi á meðan á móti stendur. Heilbrigðisstarfsfólk stendur sjúkravaktina og getur aðstoðað með ýmis meiðsl. Hægt er að leita til þeirra á meðan á móti stendur en ef um alvarlega meiðsl er að ræða skal ávallt hringja í 112. Vaktsíma sjúkravaktar má sjá neðar í skjalinu.

MYNDATÖKUR

Síamamótsbakgrunnur verður staðsettur við stúkuna á Kópavogsvelli og á góðum stað í Fagralund. Við hvetjum foreldra til að taka liðsm myndir af stelpunum við Síamamótsbakgrunninn.

Myndir úr leikjum (www.sporthero.is)

SportHero verður á báðum mótssvæðum og tekur myndir af stelpunum í leikjum.

SportHero myndar stelpurnar á mótinu og hægt verður að skoða myndirnar, sem og að kaupa þær á báðum mótssvæðum á laugardegi og sunnudegi.

Til þeirra forráðamanna sem **ekki** vilja að barn þeirra sé myndað, er þeim bent á að senda póst á afskraning@sporthero.is og tilgreina nafn barns, lið, númer á treyju og leiktíma liðsins svo hægt sé að verða við óskum um að barn sé ekki myndað. Frekari fyrirspurnum um myndatöku er einnig hægt fá og svör við með pósti á personuvernd@sporthero.is eða með símtali í síma: 662-1111.

MÓTSKERFIÐ OG VERÐLAUN Á SÍAMÓTI

Sjá má hvernig mótið raðast í riðla og styrkleika á heimasíðu mótsins undir flípanum „Síamótskerfið“.

Á mótinu er spilað um marga bikara í hverjum flokki.

5.flokkur: 13 bikarar.

6.flokkur: 21 bikarar.

7.flokkur: 15 bikarar.

Síamótskerfið byggir á því að spilað er í 4 liða riðlum á föstudegi og raðast liðin inn í nýja 4 liða riðla á laugardegi út frá sæti í föstudagsriðli. Með þessu móti þá er minni hætt á að lið séu að spila við alltof sterka/veika andstæðinga allt mótið.

Á sunnudaginum þá eru lokaleikir spilaðir og skiptir þá máli sæti í laugardagsriðli. Ef lið enda í efstu tveimur sætunum þá spila þau um 1.-4. sæti viðkomandi bikars en ef þau enda í tveimur neðstu sætunum þá spila þau jafningjaleiki (5.-8. sæti).

Allir þátttakendur fá mótsgjöf og þátttökuverðlaun. Veittir eru bikarar fyrir 1.sæti í hverri bikarkeppni.

SJÓNVARP/SAMFÉLAGSMÍÐLAR

Sjónvarp Símans sýnir beint frá mótinu eins og undanfarin ár.

Sýnt verður frá einum velli (líklega vellir nr. 1, 22 og 38 en verður auglýst betur) í hverjum flokki alla dagana og reynt að stýra liðum á þessa velli til að flest lið komist í útsendingu. Auðkennt verður í leikjaplani hvaða leikir verða í útsendingu hverju sinni.

Samfélagsmiðlar

Endilega notið #simamotid fyrir myndir á mótinu

Facebooksíða Síamamótsins: <https://www.facebook.com/simamotid/>

Heimasíða Síamamótsins: simamotid.is

VEITINGASALA

Fjáröflunarnefnd 4. flokks rekur veitingasölu á Síamótinu líkt og fyrri ár. Veitingasalan verður dreifð um keppnissvæðið í Smáranum og einnig verður veitingasala í Fagralundi.

NESTISAÐSTAÐA, ÓSKILAMUNIR

Smárasvæði

- Hægt er að borða nesti og hlýja sér á 2.hæð í Smáranum.
- Allir óskilamunir fara í afgreiðslu í Smáranum.

Fagrilundur

- Hægt er að borða nesti og hlýja sér í morgunmatarsalnum.
- Allir óskilamunir fara í afgreiðslu í Fagralundi og eftir mót niður í Smárann.

INNGANGUR FYRIR DÓMARA UNDIR STÚKU Á KÓPAVOGSVELLI

Þessi inngangur er **EINGÖNGU** fyrir dómara, mótstjórn og þjálfara sem þurfa að stytta sér leið á milli vallarsvæða. Inngangurinn er **EKKI** fyrir mótsgesti eða lið til að stytta sér leið milli valla. Þessi aðstaða er mikilvæg fyrir dómaramál þar sem við erum með um 100 dómara í dómgæslu á hverjum degi og getum því ekki verið með stanslausa umferð þarna af fólki.

BÍLASTÆÐAMÁL

Vinsamlegast virðið ábendingar starfsfólks á bílastæðavöktum – þau þurfa að halda akstursleiðum á svæðinu opnum – SÉRSTAKLEGA VEGNA AÐKOMU NEYÐARBÍLA.

- **Bent er á að bæði Lögregla og Bílastæðasjóður Kópavogs hafa eftirlit á svæðinu og grípa til viðeigandi úrræða ef bílum er ólöglega lagt.**
- Bifreiðum sem lagt er utan merktra bílastæða eða þar sem bannað er að leggja fá á sig stöðubrotsgjald í samræmi við gjaldskrá Bílastæðasjóðs Kópavogs.
- Bifreiðum sem skapa hættu eða loka mikilvægum leiðum verða dregnir burtu eða sektaðir.

Bílastæði á Smárasvæði

- Bakvið Smárann á malarstæðum (hentar fyrir áhorf á 6.flokks leiki).
- Við Fífuhvamm bak við Kópavogsvöll (hinum megin við lækinn) (hentar fyrir áhorf á 6.flokks leiki).
- Við Digraneskirkju (hentar fyrir áhorf á leikjum á Smárahvammsvelli)
- Við Sporthúsið (hentar fyrir áhorf á 7.flokks leiki).
- Við Smárahvammsvöll austan við Sporthúsið (hentar fyrir áhorf á 7.flokks leiki).
- Við Smáralind (5 mín gangur að Smárasvæði).
- Við Smárann eru nokkur bílastæði fyrir hreyfihamlaða – hafa þarf samband við bílastæðaverði við Smárann til að fá aðgang að þeim.

Bílastæði við Fagrilund

- Furugrund verður einstefna (frá austri til vestur) á meðan á móti stendur og önnur akreinin nýtt fyrir bílastæði. **Bílum sem lagt er á gangstéttum þarf að fjarlægja á kostnað eigenda.**
- Vestan við Snælandsskóla – sjá mynd aftast.
- Austan við Snælandsskóla – sjá mynd aftast.
 - hér eru nokkur stæði fyrir hreyfihamlaða – hafa þarf samband við bílastæðaverði við Fagralund til að fá aðgang að þeim.

ATH það eru takmörkuð bílastæði við Fagralund og fólk hvatt til að sameinast í bíla eða koma hjólandi/gangandi ef það hentar.

SUND

Frítt er í sund fyrir börn í Kópavogi – bæði í Salalaug og Kópavogslaug í vesturbæ Kópavogs.

- Þar sem hópar barna undir 10 ára aldri eru saman komnir skulu ekki fleiri en 15 börn vera í umsjá hvers leiðbeinanda, sem er ábyrgur fyrir hópnum

Frá Íþrótt- og tómstundaráði Kópavogsbæjar:

- Við viljum að mótið verði frábær upplifun í alla staði fyrir keppendur og líka sundferðin og það þarf því að passa að það gerist ekki að átta 7 ára knattspyrnu snillingar komi í sund eftir frábæran dag á vellinum með einn fylgdarmann og allir sendir heim.

TJALDSVÆÐI Á SÍAMÓTI ER Á KÓPAVOGSTÚNI

Tjaldsvæði opnar á hádegi á fimmtudag.

Tjaldsvæði, með vatnssalerni verður, á grasinu vestan við Hafnarfjarðarveg (á Kópavogstúni) fyrir neðan Sunnuhlíð – ekið inn frá götunni Kópavogstún. Takmarkað rafmagn er á svæðinu.

Gjald fyrir aðstöðuna alla helgina er 7.500 kr. á tjald fyrir utan rafmagn.

Vinsamlegast virðið að rafmagn á svæðinu er takmarkað og því ekki innifalið í gjaldinu. Þar sem rafmagn er takmarkað þá er bannað að vera með hitablásara í gangi. Einnig er bannað að tengja fleiri tjöld/bíla/hjólhýsi inn á sömu greinina. Ekki má hlaða rafmagnsbíla á rafmagninu á tjaldsvæðinu.

Ró skal vera komin á tjaldsvæðið kl 00:00, þar sem það eru stelpur að gista þarna sem eru að keppa á mótinu. Frekari upplýsingar á heimasíðu mótsins.

MIKILVÆG SÍMANÚMER – BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR

Smárasvæði – 6., 7. og 8. flokkur

Mótsstjórn – almennar fyrirspurnir	839-3607	Smárinn íþróttahús	591-1100
Dómarastjórn	839-3544		
Sjúkravakt	839-3428		
Smáraskóli vakt	839-3545		
Úrslitaskráning	839-3568		

Tjaldsvæði vakt	839-3542
-----------------	----------


Fagrilundur – 5. flokkur

Mótsstjórn – almennar fyrirspurnir	839-3942	Fagrilundur íþróttahús	441-8941
Dómarastjórn	839-3974		
Sjúkravakt	839-3618		
Snælandsskóli vakt	839-3549		
Úrslitaskráning	839-3961		

Ef ykkur vantar upplýsingar um eitthvað á meðan á móti stendur þá endilega hafið samband við okkur í mótsstjórn á viðeigandi keppnisstað.

Myndir af mótssvæðinu

Fagrilundur – 5. flokks svæði



Blika- og Fífuvellir, Kópavogsvöllur og Smárahvammur – 6., 7. og 8. flokks svæði (Fífan)

